



Reykjavík, 10. júní 2021

R21060059

6620

ívs

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Hverfisskipulag - Breiðholt 6.1 - Neðra Breiðholt***

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 3. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 2. júní á auglýsingu á tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag Breiðholts er afrakstur faglegar vinnu og umfangsmikils samráðs við íbúa. Það er deiliskipulag fyrir gróin hverfi sem á að gera þau vistvænni og sjálfbærari. Hverfisskipulagið mun einnig einfalda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum eða lóðum. Við fögnum hugmyndum um danshús og vetrargarð. Hugmyndir um borgargötur og hverfiskjarna eru trúverðugar og bæta hverfið. Við teljum að stórbílastæði eigi að vera víkjandi í skipulagi hverfis en jafnframt að eðlilegt sé að taka gjald fyrir þau meðan þau eru.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill bóka um m.a. hverfiskjarnann í Arnarbakka. Til að styðja við hverfiskjarnann við Arnarbakka er mikilvægt að finna honum víðtaekara hlutverk en honum er ætlað í dag. Þetta getur haft mikil áhrif á hvernig til tekst við endurlífgun hverfisins. Gatan á að verða borgargata en að gera Arnarbakkann að borgargötu fram hjá Breiðholtskóla krefst mikilla breytinga á núverandi vegi. Það vantar í áætlunina. Samhliða hverfisskipulagi er unnið deiliskipulag fyrir verslunarhlóðina í Arnarbakka 2-6 sem gerir ráð fyrir að núverandi hús séu fjarlægð og ný uppbygging heimiluð með verslunarrýmum á jarðhæðum að hluta og íbúðum á efri hæðum. Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun íbúða. Heilmikil gagnrýni hefur komið fram um mikið aukið

byggingarmagn á kostnað rýmis og grænna svæða. Heimilt er að reisa allt að 3 íbúðahæðir ofan á húsin. Gert er sem sé ráð fyrir lágum byggingum, en er það rétt stefna? Einmitt þetta svæði getur kannski tekið við hárrí byggingu, svo sem áberandi turnbyggingu sem setja myndi mark á hverfið. Svæði sunnan við Arnarbakka, þar sem nú er opið svæði til sérstakra nota mætti t.d. koma á mörgum ólíkum íbúðabyggingum til að tryggja betur að um blandaða byggð verði að ræða en ekki einsleita.



Helga Björk Laxdal  
e.u.